

BRÚARÁSSKÓLI



ÞEMATENGDAR
SPANNIR
BRÚIN

Verkefnisstjóri er Stefanía Malen Stefánsdóttir. Verkefnið hlaut styrk 2015 og hét þá „Þematengdar spannar“, það nafn vék strax fyrir nafninu „Brúin“ og er það nafn notað í þessari lokaskýrslu.

- **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

Markmiðið er að breyta skólaárinu frá önnum yfir í svokallaðar spannar og væru þær fjórar á vetri (svipað kerfi og hefur verið tekið upp í Menntaskólanum á Egilsstöðum). Tvær spannar eru hvoru megin við áramótin. Á hverri spönn er aðaláherslan á tvær til þrjár námsgreinar en íslenska og stærðfræði hefðu þó fastan sess í flestöllum verkefnum.

Hugmyndin er sú að setja upp verkefnabanka sem alltaf er hægt að bæta í og góð verkefni sem væru búin að sanna gildi sitt væru keyrð reglulega, jafnvel þriðja hvert ár, miðað við samkennduhópa. Ein útfærslan er að einhverjir tímar séu töflusettir og síðan verkefnatímar þar sem nemendur vinna í mismunandi verkefnum. Sum verkefni væru skylduverkefni, önnur valkvæð en öll miðuð út frá einstaklingnum. Verkefnin samþættu verk- og bóklegar greinar. Undirbúningur og úrvinnsla byggist á teymisvinnu. Afrakstur hverrar spannar verður sýndur foreldrum í lok hennar. Dæmi: Áhersla að hausti gæti verið náttúrufræði og lífsleikni. Snemma á haustin er kjörinn tími til útikennslu og náttúran mjög spennandi, þetta er einnig tími til hópeflingar og því gott að leggja aukna áherslu á lífsleikni. Inní þessi verkefni tengdust síðan aðrar greinar.

Undirbúningsvinnu við verkefnið lýkur formlega í ágúst 2017 þegar skipulag þriðja ársins liggur fyrir. Stefnt er að því að gera nemendur sjálfstæðari í vinnubrögðum og að þeir taki meiri ábyrgð á framvindu náms síns. Viljum styrkja lykilhæfni nemenda á öllum sviðum. Nemendur læri að vinna innan ákveðins tímaramma og skipuleggja sig eftir því. Áhugi þeirra fái að njóta sín í sem flestum verkefnum. Fyrirkomulagið verður að miðast við þroska hvers aldurstigs með vissum stíganda

- **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði**

Ákveðið var í framhaldi af styrkveitingu að halda áfram að undirbúa þessar breytingar og restin af skólaárinu fór í það. Kennarar kynntu sér verkefni af svipuðum toga og

nemendur skólans tóku hugarflæði um það sem þeir myndu vilja læra í skólanum.

Nemendum og foreldrum kynntar að vori þær breytingar sem yrðu á komandi skólaári. Ákveðið var að verkefni myndi bera nafnið „Brúin“ sem vísar til staðarins, Jökulsárbrúarinnar og þeirra brúa sem við værum að byggja milli námsgreina. Áherslum námsgreina skipt milli spanna og unnið út frá heildstæðum þemaverkefnum sem næðu yfir 10 – 12 námsdaga. Verkefnin væru stýrð og hálfstýrð hjá yngri nemendum en einnig valfrjáls hjá unglingum og líka aðeins á miðstigi. Í frjálsu verkefnunum hafa nemendur val um viðfangsefni og hvernig þau ætla skila frá sér verkefninu. Nemendur setja upp markmið og verkáætlun með verkefnunum og fá samþykki kennara fyrir þeim. Öll verkefni tengd við Aðalnámskrá grunnskóla og öll enda þau á kynningu nemenda fyrir gestanemendum og fleiri kennurum. Skólárið 2015-2016 hófst síðan með þessu nýja fyrirkomulagi.

- **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Nokkrar breytingar hafa orðið á verkefninu frá byrjun en í grófum dráttum hefur það verið eins síðustu þrjú ár. Ákveðið var í samráði við nemendur að festa fleiri kjarnatíma í stundatöflu. Í upphafi var stundataflan mjög opin og nemendur gátu farið að vinna í þeim verkefnum sem þeim þóknaðist, í ljós kom að það var mörgum nokkuð erfitt þannig að til að brjóta upp daginn komu inn kjarnatímar og síðan verkefnatímar.

Í upphafi fóru valgreinar að stærstum hluta undir Brúna en nemendur á unglingastigi óskuðu eftir að þeim yrði fjölgað aftur þannig að þau hafa aðgang að verklegum greinum í gegnum valfög. Í upphafi var 5. bekkur samferða 6. - 7. bekk í verkefninu en síðan fór hann í samkenndu með yngri bekkjum sem hentar betur. Brúin er unnin alla leið frá 1. bekk en er meira stýrð í yngri bekkjum. Byrjendalæsi og verkefnið „Orð af orði“ samfléttast Brúnni. Í grófum dráttum eru allar greinar kenndar í gegnum Brúna, þær námsgreinar sem að standa að hluta fyrir utan eru íþróttir, stærðfræði og tungumálin. Verkgreinar eru kenndar sérstaklega í 1. - 5. bekk.

- **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Brúin hefur gengið í heild sinni mjög vel. Kannanir hafa sýnt ánægju allra sem að skólanum koma og utanaðkomandi skólafólk hefur einnig sýnt verkefninu áhuga. Stærsta hindrunin er fyrir kennarana að fara út fyrir þá föstu ramma sem

skólasamfélagið hefur sett þá í s.s. stundatöflur og námsgreinakennsla. En ný Aðalnámskrá hefur styrkt verkefnið mjög og leggur Brúin mikla áherslu á þá þætti sem eru í hávegum hafðir í Aðalnámskránni s.s lykilhæfni. Stundum finnst kennurum að gefa mætti verkefnunum meiri tíma og einnig að það vanti á dýptina þegar kemur að þekkingu, en einnig er verið að kenna nemendum ákveðin vinnubrögð í gagnaöflun og framsetningu.

Það eru nemendur sem rekast illa í þessum kennsluháttum sem öðrum og alltaf þarf að koma á móts við sérþarfir. Fyrstu nemendurnir sem tóku þátt í þessum breytingum, sérstaklega á unglingsstigi, fannst mörgum mjög erfitt að fara út fyrir rammann og fá minni mötun á námsefni og í kennslu.

- ***Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar og samhliða verkefnisvinnu. Mat á verkefninu samkvæmt umsókn***

Þetta verkefni hefur gjörbylt skólastarfi í Brúarásskóla. Hér áður fyrr voru kennarar hér miklir einyrkjar í starfi. Skólinn er það fámennur að ekki voru fleiri en einn fagkennari í námgrein. Reynsla var af samþættingarverkefnum bæði þar sem tveir kennarar unnu saman með sínar námsgreinar og þar sem einn kennari fléttaði saman námsgreinar sem hann kenndi. Brúin hefur komið af stað miklu meiri samvinnu milli kennara enda miðaði verkefnið að teymisvinnu, sem síðan skilar sér í breytta kennsluhætti í skólastofunum. Nemendur eru áhugasamari og metnaðarfullri í verkefnavali. Kennarar hafa þurft að koma að öllum námsgreinum og skólastarfið hefur á allan hátt opnast. Forsendan er teymisvinna um undirbúning verkefna þar sem lögð er áhersla á samþættingu. Einnig þegar nemendur hafa val um hvaða verkefnum þeir vilja vinna í, þá er það hlutverk hvers kennara að leiðbeina nemendum í þeirri vinnu óháð faggrein. Allir dagar nemenda hefjast á morgunstund hjá umsjónarkennurum og enda á lokastund hjá umsjónarkennara. Þessar stundir eru nýttar í undirbúning, skipulag, samantekt og yndislestur nemenda.

Allt skólaárið er verið að vinna í stórum samþættum verkefnum. Á fyrstu spönn þar sem áherslan er náttúrufræði, líffræði, vistfræði umhverfismennt og lífsleikni þar hafa nemendur á yngri stigi 1.-5. bekkur verið að vinna með ánamaðka, tækni og þróun og líkamann. Eldri nemendur hafa verið að vinna með jarðvegin, samspil vísinda og

tækni, heilbrigði og neyslu. Einnig hafa unglingar valfrjáls verkefni sem fjölluðu á síðustu spönn m.a. um jarðskjálfta, samfélagsmiðla, suðurheimskautið og heimilisofbeldi. Hvert verkefni hefur sér markmið og þarf samþykki frá kennurum. Verkefnin enda síðan öll á kynningum nemenda. Svona gengur skólaárið fyrir sig með 13 heildstæðum verkefnum og fjórum spönnum með mismunandi áherslum úr Aðalnámskrá. Kennarar eldri og yngri hópa vinna saman og verkgreinar blandast inni með mismunandi hætti. Þessi vinnubrögð hafa gjörbylt kennsluháttum. Stundaskráin er opin og nemendur almennt að vinna að viðfangsefnum, heldur en vera töflusettnir í ákveðna námsgrein. Kennslubækur eru notaðar til stuðnings en ekki til stýringar. Verkefnabanki skólans stækkar og þar geta kennarar endurnýtt brúarverkefni fyrri ára.

Grunnþættir Aðalnámskrár, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun eru grunnstoðir menntunar. Með þeim er skólakerfið að byggja upp einstaklinga til framtíðar til að verða gildir og góðir samfélagsþegnar. Verkefnið Brúin er kjörið til að vinna að öllum þessum þáttum og gefur okkur hér því góða og gilda ástæðu til að halda áfram á sömu braut. Það sem lagt var upp með að gera samkvæmt umsókn, hefur allt verið framkvæmt og einnig hefur Brúin mótast eftir því sem fleiri skólaár líða. Brúin hefur haft jákvæð áhrif í för með sér fyrir alla aðila í lærdómssamfélagi Brúarásskóla.

- **Niðurstöður verkefnisins**

Verkefninu er hvergi nærri lokið, það er að búið að festa sig í sessi en áframhaldandi þróun mun verða. Eins og fram hefur komið hefur orðið mikil breytinga á kennsluháttum við skólann. Markmiðið var að breyta kennsluháttum og færa þá nærri skóla 21. aldarinnar með áherslu á lykilhæfni og fjölbreytileika. Þessi markmið hafa náðst og áfram höldum við í þróun kennsluhátta m.a. með stuðningi tækninýunga. Brúin hefur opnað á fleiri möguleika í notun tækninnar til kennslu og næstu skref beinast enn frekar í þá átt.

Brúin hefur sannfært kennara skólans um að þetta séu kennsluhættir sem þeim líkar og vilja ekki fara til baka í gamla farið. Brúin reynir mikið á lykilhæfni nemenda sem nýtist öllum til að verða sterkir samfélagsþegnar í framtíðinni. Kannanir Skólapúlsins hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki gefa jákvæða sýn. Þar sést t.d. að hjá nemendum hafa styrkst þættir eins og trú á eigin vinnubrögðum í námi, virk

þátttaka nemenda í tímum, samband við kennarann og trú á eigin námsgetu. Þetta eru allt þættir sem styrkja það markmið að gera nemendur sjálfstæðari og ábyrgari í sínu eigin námi. Niðurstaðan er því sú að þetta er það sem við viljum vera að gera í skólanum.

• **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöður**

Brúin hefur verið kynnt fyrir fræðsluyfirvöldum hér á Fljótsdalshéraði sem og skólastjórnendum á Austurlandi. Erindi var flutt á námsstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun núna í ágúst 2017 sem bar heitið „Með lykilhæfni að leiðarljósi – kennsluþróunarverkefnið Brúin“.

Ingvar Sigurgeirsson skrifaði grein um Brúna í Skólaþræði „ Það er svo gott að geta valið það sem maður VILL læra“

<http://skolathraedir.is/2016/12/27/thad-er-gott-ad-geta-valid-thad-sem-madur-vill-laera-um-bruna-throunarverkefni-i-bruarasskola/?pdf=301> Aðrir skólar hafa haft Brúna sem fyrirmynd að verkefnum sem verið er að þróa.

Markmið verkefnisins voru ;

- breyta önnum í spanni á skólaárinu
- hafa mismunandi áherslur á spönnum
- byggja upp verkefnabanka
- hafa opnari stundatöflu
- verkefnin væru mismikið stýrð
- verkefnin væru heildstæð samþættingarverkefni
- efla sjálfstæði nemenda
- efla ábyrgð nemenda á framvindu í námi
- leggja áherslu á lykilhæfni
- nemendur gætu valið verkefni eftir áhuga
- verkefnin aðlöguð að einstaklingum
- efla samvinnu kennara.

Öllum þessum markmiðum hefur verið náð. Eðli kennsluþróunarverkefna er að ný markmið hafa litið dagsins ljós og að þeim er stefnt í dag samhliða því að halda þeim fyrri.

Starfsfólk og nemendur Brúarásskóla þakka Sprotasjóði kærlega fyrir að hafa haft trú á verkefninu og með styrknum komið því til leiðar að verkefninu var ýtt úr vör og nú siglir Brúin sjálfstæð í Brúarásskóla og mun taka þeim breytingum sem þurfa þykir í skóla 21. aldarinnar.

Virðingarfyllst



Stefanía Malen Stefánsdóttir skóla- og verkefnisstjóri